



Ungmennasamband Kjalarnesþings

# ÞINGGERÐ



67. ÁRSPING

FÉLAGSHEIMILI KÓPAVOGS

10. FEBRÚAR 1991

# 67. ÁRSPING UMSK

## haldið í Félagsheimili Kópavogs

### þann 10. febrúar 1991

#### 1. Setning þingsins

Fyrstur tók til máls Hafsteinn Pálsson formaður UMSK og setti þingið klukkan 10:30. Hann fjallaði m.a. um landsmótið á síðasta sumri og sigur UMSK þar. Hann hrósaði landsmótsnefndunum fyrir mjög vel unnin störf, en minntist á slæma fjárhagsstöðu sambandsins vegna mótsins. Hann var þó bjartsýnn á að þetta myndi ekki bitna á aðildarfélögum sambandsins.

Gestir þingsins voru: Pálmi Gíslason, formaður UMFÍ, Sveinn Björnsson, forseti ÍSÍ, Jón Ármann Héðinsson, framkvæmdastjórn ÍSÍ, Katrín Gunnarsdóttir, framkvæmdastjórn ÍSÍ, Sæmundur Runólfsson, stjórn UMFÍ, Sigurður Þorsteinsson, framkvæmdastjóri UMFÍ, og Kristján Sveinbjörnsson.

#### 2. Kosnir starfsmenn þingsins

Fyrsti þingforseti var kjörin Margrét Bjarnadóttir Gerplu og annar þingforseti Páll Aðalsteinsson UMFA. Þingritarar voru kjörnir Þorgerður Aðalsteinsdóttir Breiðabliki og Hjördís Bjerkhoel Andrésdóttir Ými, Elsa Jónsdóttir Gerplu og Guðrún Magnúsdóttir UMFA.

#### 3. Kosning í kjörbréfanefnd

Í kjörbréfanefnd voru kjörin Ólína Sveinsdóttir Breiðabliki, Ingvar Árnason Gerplu og Svanur Gestsson UMFA. Tók nefndin strax til starfa.

#### 4. Skýrsla stjórnar

Hafsteinn Pálsson flutti skýrslu stjórnar, vísast að öðru leiti í skýrsluna sem lá fjölrituð fyrir þinginu. Hafsteinn flutti einnig skýrslu landsmótsnefndar og þakkaði henni enn og aftur fyrir vel unnin störf á 20. landsmóti UMFÍ.

Hafsteinn flutti reikninga UMSK, sem unnir höfðu verið af fyrrum starfsmanni UMSK en hann var ekki viðstaddur. Einnig fór Hafsteinn yfir stöðu 20. landsmót UMFÍ.

#### 5. Ávörp gesta

Fyrstur tók til máls Pálmi Gíslason formaður UMFÍ. Hann flutti UMSK kveðjur UMFÍ og þakkaði sérstaklega mikla og góða vinnu UMSK á landsmótinu. Hann harmaði fjárhagstjónið en þakkaði Hafsteini fyrir það hvað honum tókst vel að leysa mikinn vanda í því sambandi og minnti menn á að reynt yrði að koma starfsemi UMSK á fullt skrið sem fyrst. Hann minnti á næsta mót '93 og hvatti UMSK til að hefja undirbúning strax. Hann minntist á fræðslusjóð UMFÍ þar sem menn geta sótt um styrki til að sækja fræðslunámskeið innanlands og erlendis. Einnig starfar félagsmálaskólinn af fullum krafti fyrir þá sem hafa áhuga á námskeiðum. Minnti hann á Skinfaxa og þá miklu og góði útbreiðslu, sem þar fer fram. Hann talaði einnig um aðstöðuna í Prastarskógi, þar er til húsnæði og aðstaða góð. Að lokum minntist hann á stefnu UMFÍ í umhverfismálum og er mikill áhugi fyrir slíkum málum. Vænti hann þess að öll félög innan UMFÍ taki sér fósturbarn/börn í umhverfinu næstu 3 árin og hefur kynning á þessu vakið mikla athygli um land allt.

Næstur bað um orðið Sveinn Björnsson forseti ÍSÍ. Hann þakkaði fyrir heiðursskjöld UMSK, sem honum hlotnaðist á síðasta þingi. Einnig minntist hann á hversu mikill styrkur var sýndur á hinu glæsilega landsmóti og drap á undirbúning sem hafinn er fyrir næsta landsmót á Laugarvatni, t.d. byggingu sundlaugar og ípróttaleikvangs. Fjárframlög koma m.a. frá Alþingi í fjárlögum þess. Hann lýsti byggingaframkvæmdum ÍSÍ og Íslenskrar getspar en núverandi áfanga lýkur í haust og skuldir eru engar. Lottóið gengur mjög vel og eignaraðilar hafa fengið á 22. milljarð í sinn hlut. Getraunir fara vaxandi en það hefur gengið fremur hægt, en auðvitað byggist allt á þátttöku félagsmanna. Hann taldi um mikla grósku í ípróttahreyfingunni og þá eru margar nýjar greinar sem æskja inngöngu. Nýlega var veitt peningum í afreksmannasjóð til að styðja við bak þeirra sem skara fram úr. Mikill kostnaður er við rekstur ípróttahreyfingarinnar, og misvel gengur með samninga við

utanaðkomandi aðila s.s. Alþingi og Flugleiði. Óskaði hann UMSK alls góðs á komandi ári og þakkaði enn og aftur fyrir störf stjórnar.

## 6. Kjörbréfanefnd skilar álit

Ólína Sveinsdóttir skýrði frá störfum kjörbréfanefndar. Alls bárust 16 kjörbréf og lýsti hún því yfir að eftirtaldir fulltrúar ættu rétt til þingsetu.

Umf. Afturelding  
Guðrún Magnúsdóttir  
Svanberg Ólafsson  
Þórdís Asgeirsdóttir  
Jóhann Guðjónsson  
Guðbjörg Pétursdóttir  
Til vara:  
Páll Aðalsteinsson  
Júlíana Víktorsdóttir  
Hafsteinn Pálsson  
Ásta Björg Björnsdóttir  
Jóna Þorvarðardóttir

Umf. Breiðablik  
Logi Kristjánsson  
Jón Ingi Ragnarsson  
Sóley Ægisdóttir  
Sigurjón Valdimarsson  
Þorgerður Aðalsteinsdóttir  
Ólína Sveinsdóttir  
Gylfi Sigurpálsson  
Hildur Grétarsdóttir  
Árni Guðmundsson  
Til vara  
Alexander Þórisson  
Gunnar Steinn Pálsson  
Jón Stefánsson

Siglingafél. Ýmir  
Hjördis Andrésdóttir  
Borghildur Hertervig  
Ísleifur Friðriksson  
Til vara  
Páll Hreinsson

Golfklúbburinn Kjölur  
Svanur M Gestsson

Umf. Drengur  
Höskuldur Gunnarsson  
Guðbrandur Hannesson

Umf. Kjalnesinga  
Emilía Björg Jónsdóttir  
Guðrún Hafdís Hlökkversdóttir

Umf. Bessastaðahrepps  
Kjartan Sigtryggsson

Umf. Stjarnan  
Karl Harry Sigurðsson  
Hafþór B. Guðmundsson  
Anna Möller  
Gunnar Johnsen  
Kristján Guðjónsson  
Jóhannes Sveinbjörnsson  
Páll Bragason  
Guðjón E Friðriksson

Íþróttafélagið Gerpla  
Ingvar Árnason  
Elsa Jónsdóttir  
Til vara  
Örn Steinar Sigurðsson

Íþróttafél. Kópavogs  
Sigurjón Sigurðsson  
Jón Guðmar Hauksson  
Sigvaldi Einarsson

Golfklúbbur Garðabæjar  
Steinunn Gunnarsdóttir  
Kjartan Borg

Hestaíþróttafél. Hörður  
Valdimar Kristinsson  
Örn Harðarson  
Pröstur Karlsson  
Kolbrún Ólafsdóttir  
Til vara  
Einar Hólm Ólafsson

Skotfélag Kópavogs  
Halldór Jónsson  
Sveinbjörn Bjarnason  
Til vara  
Hannes Haraldsson  
Eiríkur Björnsson

#### Áheyrnarfulltrúar

Íþróttad. Hestam.f. Andvara  
Halldór Svansson

Keilufélag Garðabæjar  
Lúðvík Wdowiak  
Sigurjón Guðfinnsson

Golfklúbbur Kópavogs  
Þorsteinn Steingrímsson

## 7. Umræður um skýrslu stjórnar

Margrét Bjarnadóttir flutti UMSK kveðjur Fimleikasambands Íslands og minntist á nýtt keppnisfyrirkomulag í fimleikum. Hún þakkaði UMSK fyrir landsmótið og fagnaði einnig hinni nýju stefnu UMFÍ í umhverfismálum og hvatti t.d. til sparnaðar í pappírsmálum. Hún vottaði að lokum stjórn UMSK virðingu sína.

Ísleifur Friðriksson, Ými, bað um útskýringar á liðnum annar kostnaður í reikningum.

Hafsteinn Pálsson játaði óvissu sína með þennan lið.

Valdimar Kristjánsson, Herði, gerði fyrirspurn um gjaldaliðinn kostnaður vegna skemmtana í reikningum landsmóts.

Hafsteinn svaraði fyrirspurninni og sundurliðaði: a) hljómsveitir, b) setningarhátíð, s.s. lúðrasveit og skemmtikraftar, c) ballskemma, þ.e. það sem gera þurfti til að hún yrði hæf til notkunar.

Örn Harðarson, Herði, bað um skýringar varðandi aðgangseyri að böllum og skemmtunum.

Sæmundur Runólfsson bað menn að minnst þess að landsmótið tókst vel í alla staði utan fjárhagstaps. Gjöld umfram tekjur í skemmtunum var ca. 1.000.000.-. Hann óskaði eftir fleiri fyrirspurnum varðandi fjármálin en ítrekaði þá miklu kynningu sem ungmennahreyfingin hlaut á þessu landsmóti.

Ísleifur Friðriksson, Ými, bað um skýringar varðandi frýstingu Lottópeninga.

Hafsteinn gaf skýringar varðandi þetta mál og greindi frá því að greitt hefði verið um leið og fjárhagsstaðan varð tryggari. Hann kvaðst vona að ekki þyrfti að koma til þessa aftur.

Jón Ármann Héðinsson bað menn að horfa minna á peningana en meta meira störf þeirra manna sem stóðu að allri vinnunni og minnti á að þetta starfsár var frábært í alla staði. Hann ávitti þá sem ekki mæta á þing UMSK.

Fleiri báðu ekki um orðið. Þingforseti bar upp reikninga sambandsins til samþykktar. Voru reikningarnir samþykktir með einu mótatkvæði.

## 8. Matarhlé

Hádegisverður var í boði Kópavogskaupstaðar.

Hafsteinn Pálsson veitti viðurkenningar í matarhlé. Eftirfarandi aðilar fengu viðurkenningar:

- Svanur Gestsson, Aftureldingu, fékk Félagsmálaskjöld UMSK.
- Sigurður Bjarnason, Stjórnunni, fékk Afreksbikar UMSK.
- Meistarflokkur kvenna í knattspyrnu, Breiðabliki, fékk UMFÍ bikarinn.
- Guðrún Arnardóttir, Breiðabliki, fékk Frjálsíþróttabikar UMSK.
- Anna Möller, Stjórnunni  
Guðbrandur Hannesson, Dreng,  
Gunnar Páll Pálsson, Aftureldingu  
Helga Jóhannsdóttir, Breiðabliki  
Páll Hreinsson, Ými  
Sigurjón Valdimarsson, Breiðabliki  
Örn Steinar Sigurðsson, Gerplu  
fengu starfsmerki UMSK.

Að auki fengu Albrecht Ehmman, Stjórnunni, og Ingvar Árnason, Gerplu, afhent starfsmerki, sem þeim hafði verið veitt áður.

Þess skal getið að nafn Elsu Jónsdóttur, Gerplu, vantar í yfirlitið í ársskýrslunni um þá sem fengið hafa starfsmerki UMSK.

## 9. Skipað í nefndir og mál lögð fyrir

Eftirtaldar tillögur frá stjórn lágu fyrir þinginu og var þeim vísað til nefnda sem hér segir.

### Þingskjal 1

67. Ársþing UMSK ... þakkar aðildarfélögum fyrir góða þátttöku í 20. Landsmóti UMFÍ. sem fram fór í Mosfellsbæ 12.- 15. júlí 1990. (Allsherjarnefnd).

Stjórn UMSK.

### Þingskjal 2

67. Ársþing UMSK ... hvetur aðildarfélögin til að halda félagsmálanámskeið fyrir félagana sína. (Allsherjarnefnd).

Stjórn UMSK.

### Þingskjal 3

67. Ársþing UMSK ... hvetur aðildarfélögin til að senda þátttakendur á dómara námskeið fyrir hinar ýmsu íþróttagreinir. (Íþróttanefnd).

Stjórn UMSK.

### Þingskjal 4

67. Ársþing UMSK ... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir stórhug í uppbyggingu íþróttamannvirkja á sambandssvæðinu og hvetur þá til áframhaldandi forystu í þeim málum. (Allsherjarnefnd).

Stjórn UMSK.

### Þingskjal 5

67. Ársþing UMSK ... þakkar sveitarfélögum á sambandssvæðinu fyrir veittan stuðning við að halda 20. Landsmót UMFÍ sem fram fór 12.- 15. júlí 1990 í Mosfellsbæ. Sérstakar þakkir eru færðar forsvarsmönnum Mosfellsbæjar fyrir þeirra þátt í að halda mótið. (Allsherjarnefnd).

Stjórn UMSK.

### Þingskjal 6

67. Ársþing UMSK ... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir veittan stuðning síðustu ára og leggur til við sveitarfélögin að þau miði framlag sitt til UMSK 1992 við íbúafjölda, kr. 40 á íbúa. (Fjárhagsnefnd).

Stjórn UMSK.

### Þingskjal 7

67. Ársþing UMSK ... samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði kr. 100 á félagsmenn 16 ára og eldri og kr. 45 á félagsmenn yngri en 16 ára. (Fjárhagsnefnd).

Stjórn UMSK.

Þingskjal 8  
Fjárhagsáætlun 1991.

Tekjur:	
Framlög sveitarfélaga	550.000
Útbreiðslustyrkur	1.100.000
Getraunir	200.000
Lottó 5/38	1.400.000
Skattur aðildarfélaga	750.000
	4.000.000

Gjöld:	
Laun og launatendg gjöld	600.000
Rekstur skrifstofu	400.000
Sérnefndir	500.000
20. Landsmót UMFÍ	2.000.000
Skattar til UMFÍ og ÍSÍ	250.000
Annar kostnaður	250.000
	4.000.000
	(Fjárhagsnefnd)

Þingskjal 9

TILLAGA UM HEIÐURSVIÐURKENNINGAR UMSK

Reglugerð um heiðursviðurkenningar UMSK

1. gr. Inngangur

UMSK veitir við sérstök tækifæri einstaklingum eða félögum heiðursviðurkenningar fyrir mikil og góð störf fyrir sambandið. Jafnframt eru árlega veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur í iþróttum.

2. gr. Viðurkenningar

1. STARFSMERKI UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa í langan tíma fyrir sambandið eða aðildarfélögin.

2. SILFURMERKI UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa í langan tíma fyrir sambandið eða aðildarfélögin.

3. GULLMERKI UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa innan UMSK í langan tíma og gert stórt átak í félagsstörfum innan UMSK.

4. HEIÐURSVIÐURKENNING UMSK, skjöldur, skal veittur þeim, sem ekki eru félagar í UMSK en styrkt hafa eða aðstoðað UMSK og/eða aðildarfélög verulega.

5. FÉLAGSMÁLASKJÖLDUR UMSK, gefinn ef Axeli Jónssyni og konu hans Guðrúnu Gísladóttur, skal veittur árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í félagsstörfum á liðnum árum.

6. AFREKSBÍKAR UMSK skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í iþróttum á liðnu ári.

7. FRJÁLSÍPRÓTTABIKAR UMSK, gefinn af Dóru Gunnarsdóttur, skal veita árlega í ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í frjálsípróttum á liðnu ári.

(Allsherjarnefnd)

Þingskjal 10

TILLAGA UM SÉRNEFNDIR UMSK

Reglugerð um sérnefndir UMSK

1. gr. Aðild

Sérnefnd er samstarfsnefnd þeirra sambandsaðila UMSK sem hafa iðkendur innan ákveðinnar íþróttagreinar.

2. gr. Stofnun

Sérnefnd skal því aðeins stofnuð að fleiri en einn sambandsaðili innan UMSK eigi iðkendur innan viðkomandi íþróttagreinar. Stofnun sérnefndar skal staðfest á ársþingi UMSK og skulu þær síðan skráðar í síðustu grein reglugerðarinnar.

3. gr. Skipun

Sérnefnd skulu skipa einn frá hverjum sambandsaðila þ.e. formaður félagsdeildar íþróttagreinarinnar þar sem um deildaskiptingu er að ræða en annars fulltrúi skipaður af aðalstjórn sambands-aðilans.

4. gr. Verkaskipting

Sérnefndir skulu kjósa sér formann og ritara.

5. gr. Verkefni

Sérnefnd fjallar um sérfræðileg málefni sinnar íþróttagreinar. Hún er fulltrúi síns sérsambands innan UMSK og kemur fram á sviði íþróttagreinar sinnar gagnvart aðilum utan héraðs í samráði við stjórn UMSK. Um önnur mál er hún háð UMSK. Meðal verkefna hennar eru ákvarðanir um héraðsmót og skipulagningu þeirra. Sérnefnd skal halda yfirlit um starf sitt og skal auk fundargerðar skila skýrslu til stjórnar UMSK í lok hvers árs.

6. gr. Fjármál

Sérnefndum er óheimilt að stofna til fjárskuldbindinga í sínu nafni eða nafni UMSK.

7. gr. Yfirlit um sérnefndir

Eftirfarandi sérnefndir hafa verið stofnaðar innan UMSK:

Ákvæði til bráðabirgða:

Stefnt skal að stofnun eftirfarandi sérnefnda á árinu 1991:

- Blaknefnd UMSK
- Fimleikanefnd UMSK
- Frjálsíþróttanefnd UMSK
- Golfnefnd UMSK
- Handknattleiksnefnd UMSK
- Hestaiþróttanefnd UMSK
- Knattspyrnunefnd UMSK
- Siglinganefnd UMSK
- Sundnefnd UMSK.

(Íþróttanefnd)

**Pingskjal 11**

**TILLAGA AÐ BREYTINGUM Á LÖGUM UMSK.**

Þessi tillaga er gerð með hliðsjón af tillögum frá framkvæmdastjórn ÍSÍ.

**3. gr. Umsókn um aðild**

Félag sem óskar inngöngu í sambandið, skal senda skriflega umsókn til stjórnar þess ásamt lögum félagsins og skrá yfir stofnfélaga. Félagið öðlast ekki fulla aðild að sambandinu fyrr en sex mánuðum eftir að sambandsstjórn hefur samþykkt að veita félaginu inngöngu.

Þessi grein verði svohljóðandi:

Félag sem óskar inngöngu í sambandið, skal senda skriflega umsókn til sambandsstjórnar UMSK ásamt lögum félagsins, skrá yfir stofnfélaga, félagsmenn og stjórn. Félagið öðlast ekki fulla aðild að sambandinu fyrr en sex mánuðum eftir að sambandsstjórn hefur samþykkt inngönguna er staðfestast skal á héraðsþingi.

**4. gr. Héraðsþing**

Sambandið skal árlega halda héraðsþing og skal það haldið í febrúar ár hvert og til skiptis hjá sambandsfélögunum. Viðkomandi félag ber allan kostnað af þinghaldinu, annan en ferðakostnað þingfulltrúa. Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögun með héraðsþing, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þing skal boðað með minnst 14 daga fyrirvara. Stjórn sambandsins getur kvatt til aukapings, ef nauðsyn krefur.

Þessi grein verði svohljóðandi:

Sambandið skal árlega halda héraðsþing og skal það haldið í febrúar ár hvert og til skiptis hjá sambandsfélögunum. Viðkomandi félag ber allan kostnað af þinghaldinu, annan en ferðakostnað þingfulltrúa. Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögun með héraðsþing, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þing skal boðað með minnst 14 daga fyrirvara.

**5. gr. Hlutverk héraðsþings**

Héraðsþing úrskurðar reikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur rísa milli félaga sambandsins, ber héraðsþingi að úrskurða þær. Héraðsþing ákveður skatt félaganna til sambandsins. Ársskýrslu og skattinn skulu sambandsfélögin senda fyrir 1. febrúar ár hvert.

Þessi grein verði svohljóðandi:

Héraðsþing úrskurðar reikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur rísa milli félaga sambandsins, ber héraðsþingi að úrskurða þær. Héraðsþing ákveður skatt félaganna til sambandsins. Ársskýrslu og skattinn skulu sambandsfélögin senda fyrir 1. apríl ár hvert.

**6. gr. Fulltrúar á héraðsþingi**

Sambandsfélögin kjósa aðalfulltrúa og vara á félagsfundum sínum, til að mæta á héraðsþingi, einn fyrir hverja 100 og einn fulltrúi fyrir 50 umfram síðasta hundraðið.

gjaldskyldra félagsmanna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 8 frá sama félagi. Auk þess skal formaður vera sjálfkjörinn aðalfulltrúi á sambandsþing. Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar. Héraðsþing er lögmeitt ef löglega er til þess boðað.

Þessi grein verði svohljóðandi:

Sambandsfélögin kjósa aðalfulltrúa og varafulltrúa á félagsfundum sínum, til að mæta á héraðsþingi, einn fyrir hverja 100 eða færri og einn fyrir 50 umfram síðasta hundrað gjaldskyldra félagsmanna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 9 frá sama félagi. Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar. Héraðsþing er lögmeitt, ef löglega er til þess boðað.

#### 7. gr. Réttur til þingsetu

Ný grein.

Á héraðsþingi hafa aðeins kjörnir fulltrúar ásamt sambandsstjórn atkvæðisrétt. Auk þeirra eiga rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- a. Fulltrúar ÍSÍ og UMFÍ
- b. Íþróttafulltrúi ríkisins.
- c. Endurskoðendur.
- d. Meðlimir fastanefnda.
- e. Héraðsdómstóll.

Auk þess getur sambandsstjórn boðið öðrum aðilum þingsetu. Aðeins sá sem er í félagi innan sambandsins er kjörgengur fulltrúi þess á héraðsþingi. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf.

#### 8. gr. Dagskrá héraðsþings

Störf héraðsþings, sem er æðsti aðili UMSK, eru þessi:

1. Þingsetning.
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
3. Kosning fyrsta og annars þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Skýrsla stjórnar lögð fram.
6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar.
7. Ávörp gesta.
8. Álit kjörbréfanefndar.
9. Staðfesting á aðild nýrra félaga.
10. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.
11. Skipað í nefndir til starfa á þinginu, þar á meðal kjörnefnd.
12. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
13. Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.
14. Aðrar tillögur lagðar fram.
15. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
16. Afgreiðsla á álit nefnda.
17. Önnur mál.
18. Kosningar, kjörbréfanefnd skilar álit.
  - a. Kosning formanns.
  - b. Kosning tveggja stjórnarmanna.
  - c. Kosning þriggja manna í varastjórn.
  - d. Kosning tveggja endurskoðenda og tveggja til vara

## e. Kosning í héraðsdómstól.

Ef lægsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á tvo eða fleiri, skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabeytingar sé að ræða.

## 9. gr. Aukapíng

Ný grein.

Aukapíng skal halda ef nauðsyn krefur og ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar- og tilkynningafrestur til aukapíngs má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukapíngi eru þeir sömu og voru á næst reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukapíngi má ekki gera laga eða reglugerðarbreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt héraðspíng.

## 12. gr. Héraðsdómstóll

Innan sambandsins starfar héraðsdómstóll, í honum eru 3 menn og 3 til vara, kosnir til tveggja ára. Árlega gengur einn maður úr dómnum og kys ársþingið einn í hans stað. Í fyrsta sinn verði þeir allir kosnir í einu, aðal- og varamenn en jafnan gætt að kjósa í héraðsdómstól þá menn er hafa fjórhæfa þekkingu á íþróttamálum. Héraðsdómendur mega ekki vera yngri en 21 árs. Í dómum má ekki sitja nema einn maður úr sama félagi, hvorki sem aðal- né varamaður.

Þessi grein verði svohljóðandi:

Innan sambandsins starfar héraðsdómstóll, í honum eru 3 menn og 3 til vara, kosnir til þriggja ára. Árlega gengur einn aðalmaður og einn varamaður úr dómnum og kys ársþingið í þeirra stað. Þess skal jafnan gætt að kjósa í héraðsdómstól þá menn er hafa fjórhæfa þekkingu á íþróttamálum. Héraðsdómendur mega ekki vera yngri en 21 árs. Í dómnum má ekki sitja nema einn maður úr sama félagi, hvorki sem aðal- né varamaður.

## 15. gr. Gildistaka

Með gildistöku laga þessara eru úr gildi fallin eldri lög sambandsins.

Þessi grein verði svohljóðandi:

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi eldri lög sambandsins. Lögin taka gildi að fenginni staðfestingu framkvæmdastjórnar ÍSÍ.

Dagsetningar:

- a) Samþykkt héraðspíngs UMSK: yyy-mm-dd
- b) Staðfesting framkvæmdastj. ÍSÍ yyy-mm-dd.

Þingskjal 12

Bréf frá UMFÍ vegna sölu Íslenskrar getsþár í Kolaportinu sem fjáröflun. Flutningsmaður Sigurður Þorsteinsson. (Fjárhagsnefnd).

Þingskjal 13

Bréf frá ÍSÍ um nefnd til að vinna að aukinni þátttöku kvenna í íþróttastarfi. (allsherjarnefnd).

Tilmæli koma frá þingforseta og formanni til allsherjarnefndar um að semja tillögu um fósturbarn í umhverfinu og var vísað til ræðu Pálma varðandi tillöguna.

Siðan var skipað í nefndir og fer upptalning á nefndum og þeim er í þeim sátu hér á eftir. Aðrir sem ekki eru taldir upp störfuðu ekki eða gengu á milli nefnda.

1. LAGANEFND

Ingvar Árnason  
Guðbjörg Pétursdóttir  
Höskuldur Gunnarsson  
Kjartan Sigtryggsson  
Sigurjón Valdimarsson

2. FJÁRHAGSNEFND

Karl Harry Sigurðsson  
Logi Kristjánsson  
Elsa Jónsdóttir  
Svanur Gestsson  
Ólína Sveinsdóttir  
Hraunar Daníelsson

3. ALLSHERJARNEFND

Birgir Ari Hilmarsson  
Svanberg Ólafsson  
Ásta Björg Björnsdóttir  
Jóna Þorvarðardóttir  
Guðbrandur Hannesson  
Guðrún H. Hlöðversdóttir  
Sóley Ægisdóttir  
Borghildur Hertervig  
Ísleifur Friðriksson  
Einar Hólm Ólafsson  
Hannes Haraldsson

4. ÍPRÓTTANEFND

Anna Möller  
Jón Ingi Ragnarsson  
Guðrún Magnúsdóttir  
Þórdís Ásgeirsdóttir  
Emilía Björg Jónsdóttir  
Gylfi Sigurpálsson  
Örn Harðarson

Sigurjón Sigurðsson  
Örn Steinar Sigurðsson  
Kolbrún Ólafsdóttir  
Sveinbjörn Bjarnason  
Þorsteinn Steingrímsson  
Sigurjón Guðfinnsson  
Halldór Svansson

## 10. Nefndarstörf

Nefndir störfuðu vel eins fram kemur í næsta lið.

## 11. Nefndir skila álit

Anna Möller skilaði álit íþróttanefndar.

Pingskjal 3 (með breytingum)

67. Ársþing UMSK ... hvetur aðildarfélögin til að senda þátttakendur á dómaranámskeið í hinum ýmsu íþróttagreinum.

Samþykkt samhljóða.

Pingskjal 10

TILLAGA UM SÉRNEFNDIR UMSK

Reglugerð um sérnefndir UMSK

### 1. gr. Aðild

Sérnefnd er samstarfsnefnd þeirra sambandsaðila UMSK sem hafa iðkendur innan ákveðinnar íþróttagreinar.

### 2. gr. Stofnun

Sérnefnd skal því aðeins stofnuð að fleiri en einn sambandsaðili innan UMSK eigi iðkendur innan viðkomandi íþróttagreinar. Stofnun sérnefndar skal staðfest á ársþingi UMSK og skulu þær síðan skráðar í síðustu grein reglugerðarinnar.

### 3. gr. Skipun

Sérnefnd skulu skipa einn frá hverjum sambandsaðila þ.e. formaður félagsdeildar íþróttagreinarinnar þar sem um deildaskiptingu er að ræða en annars fulltrúi skipaður af aðalstjórn sambandsaðilans.

### 4. gr. Verkaskipting

Sérnefndir skulu kjósa sér formann og ritara.

### 5. gr. Verkefni

Sérnefnd fjallar um sérfræðileg málefni sinnar íþróttagreinar. Hún er fulltrúi síns sérsambands innan UMSK og kemur fram á sviði íþróttagreinar sinnar gagnvart

aðilum utan héraðs í samráði við stjórn UMSK. Um önnur mál er hún háð UMSK. Meðal verkefna hennar eru ákvarðanir um héraðsmót og skipulagningu þeirra. Sérnefnd skal halda yfirlit um starf sitt og skal auk fundargerðar skila skýrslu til stjórnar UMSK í lok hvers árs.

6. gr. Fjármál

Sérnefndum er óheimilt að stofna til fjárskuldbindinga í sínu nafni eða nafni UMSK.

7. gr. Yfirlit um sérnefndir

Eftirfarandi sérnefndir hafa verið stofnaðar innan UMSK:

Ákvæði til bráðabirgða:

Stefnt skal að stofnun eftirfarandi sérnefnda á árinu 1991:

- Blaknefnd UMSK
- Fimleikanefnd UMSK
- Frjálsíþróttanefnd UMSK
- Golfnefnd UMSK
- Handknattleiksnefnd UMSK
- Hestaiþróttanefnd UMSK
- Knattspyrnunefnd UMSK
- Siglinganefnd UMSK
- Sundnefnd UMSK.

Samþykkt samhljóða.

Anna flytur áskorun frá íþróttanefnd til stjórnar UMSK.

Íþróttanefnd starfandi á þingi UMSK 10. febrúar 1991 skorar á stjórn UMSK að vinna að nánari kynningu og samstarfi milli hinna ýmsu íþróttagreina.

Birgir Ari Hilmarsson skilar álitni Allsherjarnefndar.

Þingskjal 1 (með breytingum)

67. Ársþing UMSK ... þakkar aðildarfélögum UMSK fyrir góða þátttöku í 20. Landsmóti UMFÍ sem fram fór í Mosfellsbæ 12.- 15. júlí 1990.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 2

67. Ársþing UMSK ... hvetur aðildarfélögin til að halda félagsmálanámskeið fyrir félagi sína.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 4 (með breytingum)

67. Ársþing UMSK ... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir stórhug í uppbyggingu íþróttamannvirkja á sambandssvæðinu og hvetur þá til áframhaldandi forystu í þeim málum í nánú sambandi við aðildarfélögin.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 5 (með breytingum)

67. Ársþing UMSK ... þakkar sveitarfélögum á sambandssvæðinu fyrir veittan stuðning við að halda 20. Landsmót UMFÍ sem fram fór 12.-15. júlí 1990 í Mosfellsbæ.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 14 (tillaga frá Allsherjarnefnd)

67. Ársþing UMSK ... færir forsvarsmönnum Mosfellsbæjar sérstakar þakkir fyrir þeirra þátt í undirbúningi og framkvæmd við 20. Landsmót UMFÍ, sem fram fór 12.- 15. júlí í Mosfellsbæ.

Samþykkt Samhljóða.

Þingskjal 9

TILLAGA UM HEIÐURSVIÐURKENNINGAR UMSK:

Reglugerð um heiðursviðurkenningar UMSK.

1. gr. Inngangur

UMSK veitir við sérstök tækifæri einstaklingum eða félögum heiðursviðurkenningar fyrir mikil og góð störf fyrir sambandið. Jafnframt eru árlega veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur í íþróttum.

2. gr. Viðurkenningar

1. STARFSMERKI UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa í langan tíma fyrir sambandið eða aðildarfélögin.

2. SILFURMERKI UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa í langan tíma fyrir sambandið eða aðildarfélögin.

3. GULLMERKI UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa innan UMSK í langan tíma og gert stórt átak í félagsstörfum innan UMSK.

4. HEIÐURSVIÐURKENNING UMSK, skjöldur, skal veittur þeim, sem ekki eru félagar í UMSK en styrkt hafa eða aðstoðað UMSK og /eða aðildarfélög verulega.

5. FÉLAGSMÁLASKJÖLDUR UMSK, gefinn ef Axeli Jónssyni og konu hans Guðrúnu Gísladóttur, skal veittur árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í félagsstörfum á liðnum árum.

6. AFREKSBIKAR UMSK skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.

7. FRJÁLSÍPRÓTTABIKAR UMSK, gefinn af Dóru Gunnarsdóttur, skal veita árlega í ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í frjálsíþróttum á liðnu ári.

Nokkrar umræður urðu um viðbót við heiðursviðurkenningar, afreksmannamerki, tillaga Allsherjarnefndar, þingskjal 15, þar um dregin til baka og málið þarfnast nánari athugunar.

Til máls tóku:

Anna Möller, Hafsteinn Pálsson, Karl Harry Sigurðsson, Höskuldur Gunnarsson og Ólína Sveinsdóttir.

Tillaga stjórnar UMSK um heiðursviðurkenningar borin óbreytt upp til atkvæða.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 13

Bréf ÍSÍ um ípróttir kvenna, rætt í nefndinni sem leggur fram eftirfarandi tillögu.

Þingskjal 16

67. Ársþing UMSK ... samþykkir að stjórnin skipi nefnd til að vinna að aukinni þátttöku kvenna í ípróttastarfi og setji henni verk svið í samræmi við verk svið nefndar sem framkvæmastjórn ÍSÍ skipaði um sömu mál.

Til máls tóku:

Höskuldur Gunnarsson og Anna Möller.

Þingskjal 16 borið upp til atkvæða.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 17 (tillaga frá Allsherjarnefnd).

67. Ársþing UMSK ... hvetur aðildarfélögin til að standa myndarlega að umhverfisverkefninu "fósturbörnin", einnig stjórn UMSK til að aðstoða félögin við útvegum fósturbarna og framkvæmd verkefnisins.

Samþykkt samhljóða.

Karl Harry Sigurðsson skilar álitum fjárhagsnefndar.

Þingskjal 6

67. Ársþing UMSK ... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir veittan stuðning síðustu ára og leggur til við sveitarfélögin að þau miði framlag sitt til UMSK 1992 við íbúafjölda, kr. 40 á íbúa.

Samþykkt samhljóða.

Pingskjal 7

67. Ársþing UMSK ... samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði kr. 100 á félagsmenn 16 ára og eldri og kr. 45 á félagsmenn yngri en 16 ára.

Samþykkt samhljóða.

Pingskjal 8

Fjárhagsáætlun 1991.

Tekjur:

Framlög sveitarfélaga	550.000
Útbreiðslustyrkur	1.100.000
Getraunir	200.000
Lottó 5/38	1.400.000
Skattur aðildarfélaga	750.000
	4.000.000

Gjöld:

Laun og launatendg gjöld	600.000
Rekstur skrifstofu	400.000
Sérnefndir	500.000
20. Landsmót UMFÍ	2.000.000
Skattar til UMFÍ og ÍSí	250.000
Annar kostnaður	250.000
	4.000.000

Samþykkt samhljóða.

Pingskjal 12

Bréf UMFÍ um erindi Íslenskrar getspár um sölustað í Kolaporti. Karl Harry les upp erindi Íslenskrar Getspár. Fjárhagsnefnd flytur tillögu til stjórnar.

Pingskjal 18 (tillaga frá Fjárhagsnefnd)

67. Ársþing UMSK ... fjárhagsnefnd samþykkir að vísa bréfi Íslenskrar Getspár til aðildarfélaga UMSK til nánari ákvörðunar. Fjárhagsnefnd telur ekki ólíklegt að um þokkalegar tekjur geti verið um að ræða t.d. fyrir smærri deildir eða félög.

Samþykkt samhljóða.

Fjárhagsnefnd leggur fram tillögu vegna taps á Landsmóti. Karl Harry fylgir tillögunni úr hlaði með nokkrum orðum um utanaðkomandi ástæður sem orsakavalda á Landsmóti 1990.

Pingskjal 19 (tillaga frá Fjárhagsnefnd)

67. Ársþing UMSK ... samþykkir að beina því til stjórnar UMSK að sækja um einnar milljón króna styrk til fjármálaráðherra, vegna taps á 20. Landsmóti UMFÍ í Mosfellsbæ 1990.

Samþykkt samhljóða.

Karl Harry flytur áskorun til stjórnar UMSK frá fjárhagsnefnd að fylgja eftir tillögu frá þingi ÍSÍ.

Pingskjal 20 (tillaga frá Fjárhagsnefnd)

67. Ársþing UMSK ... beinir því til stjórnar UMSK að fylgja eftir samþykkt (þingskjal 5) Íþróttáþings ÍSÍ 20.-21./10. 1990, þar sem samþykkt var að framkvæmdastjórn ÍSÍ vinni að því að hvert sérsamband og héraðssamband fái árlega á fjárlögum upphæð úr ríkissjóði sem svari launum framhaldsskólakennara. Launin renni til erindreka sem starfi að útbreiðslumálum.

Samþykkt samhljóða.

Ingvar Árnason skilar álitni Laganefndar.

Ingvar kveður störf Laganefndar hafa verið viðamikil, hann ber upp til samþykktar í fyrstu hverja lagagrein fyrir sig.

#### 3. gr. Umsókn um aðild

Félag sem óskar inngöngu í sambandið, skal senda skriflega umsókn til sambandsstjórnar UMSK ásamt lögum félagsins, skrá yfir stofnfélaga, félagsmenn og stjórn. Félagið öðlast ekki fulla aðild að sambandinu fyrr en sex mánuðum eftir að sambandsstjórn hefur samþykkt inngönguna er staðfestast skal á héraðsþingi.

Samþykkt samhljóða.

#### 4. gr. Héraðsþing

Sambandið skal árlega halda héraðsþing og skal það haldið í febrúar ár hvert og til skiptis hjá sambandsfélögunum. Viðkomandi félag ber allan kostnað af þinghaldinu, annan en ferðakostnað þingfulltrúa. Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögun með héraðsþing, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þing skal boðað með minnst 14 daga fyrirvara.

Samþykkt samhljóða.

#### 5. gr. Hlutverk héraðsþings

Héraðsþing úrskurðar reikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur rísa milli félaga sambandsins, ber héraðsþingi að úrskurða þær. Héraðsþing ákveður skatt félaganna til sambandsins. Ársskýrslu og skattinn skulu sambandsfélögin senda fyrir 1. apríl ár hvert.

Samþykkt samhljóða.

6. gr. Fulltrúar á héraðsþingi

Sambandsfélögin kjósa aðalfulltrúa og varafulltrúa á félagsfundum sínum, til að mæta á héraðsþingi, einn fyrir hverja 100 eða færri og einn fyrir 50 umfram síðasta hundrað gjaldskyldra félagsmanna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 9 frá sama félagi. Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar. Héraðsþing er lögmeitt, ef löglega er til þess boðað.

Samþykkt samhljóða.

7. gr. Réttur til þingsetu (með breytingum)

Á héraðsþingi hafa aðeins kjörnir fulltrúar og sambandsstjórn atkvæðisrétt. Auk þeirra eiga rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- a. Fulltrúar ÍSÍ og UMFÍ
- b. Íþróttafulltrúi ríkisins.
- c. Endurskoðendur.
- d. Meðlimir fastanefnda.
- e. Starfsmenn sambandsins.
- f. Héraðsdómstóll.

Auk þess getur sambandsstjórn boðið öðrum aðilum þingsetu. Aðeins sá sem er í félagi innan sambandsins er kjörgengur fulltrúi þess á héraðsþingi. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf.

Samþykkt samhljóða.

Ingvar flytur breytingatillögur laganefndar við 8. gr.

8. gr. Dagskrá héraðsþings

Störf héraðsþings, sem er æðsti aðili UMSK, eru þessi.

1. Þingsetning.
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
3. Kosning fyrsta og annars þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Skýrsla stjórnar lögð fram.
6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
7. Ávörp gesta.
8. Álit kjörbréfanefndar.
9. Staðfesting á aðild nýrra félaga.
10. Umræður um skýrslu stjórnar.
11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga.
12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu, þar á meðal kjörnefnd.
13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
14. Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.
15. Aðrar tillögur lagðar fram.
16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
17. Afgreiðsla á álit nefnda.
18. Önnur mál.
19. Kosningar, kjörnefnd skilar álit.
  - a. Kosning formanns.
  - b. Kosning tveggja stjórnarmanna.
  - c. Kosning þriggja manna í varastjórn.

- d. Kosning tveggja endurskoðenda og tveggja til vara
- e. Kosning í héraðsdómstól.

20. Þingslit.

Ef lægsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á tvo eða fleiri, skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabeytingar sé að ræða.

Samþykkt samhljóða.

9. gr. Aukaping

Aukaping skal halda ef nauðsyn krefur og ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar- og tilkynningafrestur til aukapings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukapingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að núju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera laga eða reglugerðarbreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt héraðsþing.

Samþykkt samhljóða.

12. gr. Héraðsdómstóll

Innan sambandsins starfar héraðsdómstóll, í honum eru 3 menn og 3 til vara, kosnir til þriggja ára. Árlega gengur einn aðalmaður og einn varamaður úr dómnum og kys ársþingið í þeirra stað. Þess skal jafnan gætt að kjósa í héraðsdómstól þá menn er hafa fjölhæfa þekkingu á ípróttamálum. Héraðsdómendur mega ekki vera yngri en 21 árs. Í dómnum má ekki sitja nema einn maður úr sama félagi, hvorki sem aðal- né varamaður.

Samþykkt samhljóða.

Laganefnd leggur til breytingu við 13. gr. laga.

13. gr. Lagabreytingar

Tillögur til lagabreytingar skal leggja fram í upphafi þings og sé þeim síðan vísað til laganefndar sem skal vera ein af fastanefndum þingsins. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist sambandsstjórn 15 dögum fyrir sambandsþing.

Þessi grein verði svohljóðandi:

Tillögur til lagabreytingar skal leggja fram í upphafi þings og sé þeim síðan vísað til laganefndar sem skal vera ein af fastanefndum þingsins. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist sambandsstjórn 15 dögum fyrir sambandsþing og skulu þær þá sendar sambandsaðilum.

Samþykkt samhljóða.

Nokkrar umræður urðu um breytingar á gr. 15. Varðandi gildistöku laganna og staðfestingu ÍSÍ.

Til máls tóku: Karl Harry Sigurðsson, Hafsteinn Pálsson, Kristján Sveinbjörnsson og Pálmi Gíslason.

Pálmi flytur breytingatillögu um orðalag um gildistöku.

15. gr. Gildistaka

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi eldri lög sambandsins. Lög þessi taka gildi við samþykki þeirra, enda reynist þau vera í samræmi við lög ÍSÍ og UMFÍ.

Dagsetningar:

- a) Samþykkt héraðspings UMSK: dagsetning
- b) Staðfesting framkvæmdastjórnar ÍSÍ: dagsetning
- c) Staðfesting framkvæmdastjórnar UMFÍ: dagsetning

Samþykkt samhljóða.

Þingforseti ber nú upp lögín í heild sinni.

Samþykkt samhljóða.

## 12. Önnur mál

Sigurður Þorsteinsson biður um orðið. Hann fjallar um aðstöðubreytinguna á sambandssvæðinu en varar við of mikilli sérhæfingu hjá félögunum. Félögin verði að koma sér upp stefnumótun og vinna að því eins og kostur er að fólk sitji lengur í stjórnnum. Hann er bjartsýnn á stofunum íþróttaskóla fyrir börn, til að koma í veg fyrir sérhæfingu of fljótt, samstarf félaganna á þessu sviði og nýtt form í keppni. Hann minnst á iðkendatölur og telur að binda verði félagatölur við kennitölur. Einnig gerir hann að umtalsefni lélega sölu getrauna á sambandssvæðinu og beinir því til félaganna að gera átak í þeim málum. Hann minnst á íþróttir sem áhrifaríkustu forvörnina gegn vímuefnaneyslu barna og unglunga og á umhverfisverndaráttak UMFÍ.

Hafsteinn svarar athugasemd Sigurðar varðandi skráningu iðkenda og misræmi í lögum ÍSÍ og annarra aðila.

## 13. Kosningar

Ólína talar fyrir kjörnefnd, og flytur tillögu nefndarinnar.

Formaður: Hafsteinn Pálsson

Kosning eins stjórnarmanns: (til eins árs)  
Birgir Ari Hilmarsson

Kosning tveggja stjórnarmanna: (til tveggja ára)  
Hraunar Danielsson  
Ester Jónsdóttir

Kosning þriggja manna í varastjórn: (til eins árs)  
Guðrún Magnúsdóttir  
Emilía Björg Jónsdóttir  
Örn Harðarson.

Kosning tveggja endurskoðenda:  
Steinþór Pálsson  
Ólína Sveinsdóttir  
til vara:  
Kristján Sveinbjörnsson  
Katrín Gunnarsdóttir

Kosning í Héraðsdómstól:  
Albert H. N. Valdimarsson til þriggja ára  
Halldór Frímannsson til tveggja ára  
Magnús Harðarson til eins árs  
til vara:  
Jón Ingi Ragnarsson til þriggja ára  
Gunnar Lúðvíksson til tveggja ára.  
Erlingur Þorsteinsson til eins árs.

Engar aðrar tillögur komu fram og voru því allir ofantaldir kosnir til þeirra starfa, sem um er getið.

## 14. Þingslit

Þingforseti þakkar þingheimi og biður nýkjörinn formann að slíta þinginu.

Hafsteinn þakkar það traust sem sér sé sýnt, býður nýja stjórnarmenn velkomna og þakkar þeim sem láta af störfum fyrir vel unnin störf og einnig fyrrverandi starfsmanni. Hann þakkar þingfulltrúum fyrir störf á þinginu og Gerplu fyrir viðurgjörning, segir þingið slitið og þakkar fyrir daginn.

## Tillögur samþykktar á 67. ársþingi UMSK

Tillaga nr. 1

67. Ársþing UMSK ... þakkar aðildarfélögum UMSK fyrir góða þátttöku í 20. Landsmóti UMFÍ sem fram fór í Mosfellsbæ 12.- 15. júlí 1990.

Stjórn UMSK

Tillaga nr. 2

67. Ársþing UMSK ... hvetur aðildarfélögin til að halda félagsmálanámskeið fyrir félaga sína.

Stjórn UMSK

Tillaga nr. 3

67. Ársþing UMSK ... hvetur aðildarfélögin til að senda þátttakendur á dómaramámskeið í hinum ýmsu íþróttagreinum.

Stjórn UMSK

Tillaga nr. 4

67. Ársþing UMSK ... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir stórhug í uppbyggingu íþróttamannvirkja á sambandssvæðinu og hvetur þá til áframhaldandi forystu í þeim málum í nánu sambandi við aðildarfélögin

Stjórn UMSK

Tillaga nr. 5

67. Ársþing UMSK ... þakkar sveitarfélögum á sambandssvæðinu fyrir veittan stuðning við að halda 20. Landsmót UMFÍ sem fram fór 12.- 15. júlí 1990 í Mosfellsbæ.

Stjórn UMSK

Tillaga nr. 6

67. Ársþing UMSK ... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir veittan stuðning síðustu ára og leggur til við sveitarfélögin að þau miði framlag sitt til UMSK 1992 við íbúafjölda, kr. 40 á íbúa.

Stjórn UMSK

Tillaga nr. 7

67. Ársþing UMSK ... samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði kr. 100 á félagsmenn 16 ára og eldri og kr. 45 á félagsmenn yngri en 16 ára.

Stjórn UMSK

Tillaga nr. 8

Fjárhagsáætlun 1991.

Tekjur:

Framlög sveitarfélaga	550.000
Útbreiðslustyrkur	1.100.000
Getraunir	200.000
Lottó 5/38	1.400.000
Skattur aðildarfélaga	750.000
	4.000.000

Gjöld:

Laun og launatendg gjöld	600.000
Rekstur skrifstofu	400.000
Sérnefndir	500.000
20. Landsmót UMFÍ	2.000.000
Skattar til UMFÍ og ÍSÍ	250.000
Annar kostnaður	250.000
	4.000.000

Stjórn UMSK

Tillaga nr. 9

67. Ársþing UMSK ... færir forsvarsmönnum Mosfellsbæjar sérstakar þakkir fyrir þeirra þátt í undirbúningi og framkvæmd við 20. Landsmót UMFÍ, sem fram fór 12.-15. júlí í Mosfellsbæ.

Allsherjarnefnd

Tillaga nr. 10

67. Ársþing UMSK ... samþykkir að stjórnin skipi nefnd til að vinna að aukinni þátttöku kvenna í íþróttastarfi og setji henni verkswið í samræmi við verkswið nefndar sem framkvæmastjórn ÍSÍ skipaði um sömu mál.

Allsherjarnefnd

Tillaga nr. 11

67. Ársþing UMSK ... hvetur aðildarfélögin til að standa myndarlega að umhverfisverkefninu "fósturbörnin", einnig stjórn UMSK til að aðstoða félögin við útveggun fósturbarna og framkvæmd verkefnisins.

Allsherjarnefnd

Tillaga nr. 12

67. Ársþing UMSK ... fjárhagsnefnd samþykkir að vísa bréfi Íslenskrar Getspár til aðildarfélaga UMSK til nánari ákvörðunar. Fjárhagsnefnd telur ekki ólíklegt að um þokkalegar tekjur geti verið um að ræða t.d. fyrir smærri deildir eða félög.

Fjárhagsnefnd

Tillaga nr. 13

67. Ársþing UMSK ... samþykkir að beina því til stjórnar UMSK að sækja um einnar milljón króna styrk til fjármálaráðherra, vegna taps á 20. Landsmóti UMFÍ í Mosfellsbæ 1990

Fjárhagsnefnd

Tillaga nr. 14

67. Ársþing UMSK ... beinir því til stjórnar UMSK að fylgja eftir samþykkt (þingskjal 5) Íþróttatþings ÍSÍ 20.-21./10. 1990, þar sem samþykkt var að framkvæmdastjórn ÍSÍ vinni að því að hvert sérsamband og héraðssamband fái árlega á fjárlögum upphæð úr rikissjóði sem svari launum framhaldsskólakennara. Launin renni til erindreka sem starfi að útbreiðslumálum.

Fjárhagsnefnd

# Lög og reglugerðir samþykkt á 67. ársþingi UMSK

## Lög Ungmennasambands Kjalarnesþings

### 1. gr. Heiti og sambandssvæði

Sambandið heitir Ungmennasamband Kjalarnesþings, skammstafað UMSK. Sambandssvæðið er Garðabær, Kjósarsýsla, Kópavogskaupstaður, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður.

### 2. gr. Réttur til aðildar

Rétt til að vera í sambandinu hafa þau ungmenna og íþróttafélög sem koma til með að vera starfandi á sambandssvæðinu og hafa lög sín í samræmi við lög Ungmennafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands og starfa í anda þeirra.

### 3. gr. Umsókn um aðild

Félag sem óskar inngöngu í sambandið, skal senda skriflega umsókn til sambandsstjórnar UMSK ásamt lögum félagsins, skrá yfir stofnfélaga, félagsmenn og stjórn. Félagið öðlast ekki fulla aðild að sambandinu fyrr en sex mánuðum eftir að sambandsstjórn hefur samþykkt inngönguna er staðfestast skal á héraðsþingi.

### 4. gr. Héraðsþing

Sambandið skal árlega halda héraðsþing og skal það haldið í febrúar ár hvert og til skiptis hjá sambandsfélögunum. Viðkomandi félag ber allan kostnað af þinghaldinu, annan en ferðakostnað þingfulltrúa. Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögun með héraðsþing, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þing skal boðað með minnst 14 daga fyrirvara.

### 5. gr. Hlutverk héraðsþings

Héraðsþing úrskurðar reikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur rísa milli félaga sambandsins, ber héraðsþingi að úrskurða þær. Héraðsþing ákveður skatt félaganna til sambandsins. Ársskýrslu og skattinn skulu sambandsfélögin senda fyrir 1. apríl ár hvert.

### 6. gr. Fulltrúar á héraðsþingi

Sambandsfélögin kjósa aðalfulltrúa og varafulltrúa á félagsfundum sínum, til að mæta á héraðsþingi, einn fyrir hverja 100 eða færri og einn fyrir 50 umfram síðasta hundrað gjaldskyldra félagsmanna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 9 frá sama félagi. Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar. Héraðsþing er lögmaett, ef löglega er til þess boðað.

7. gr. Réttur til þingsetu

Á héraðsþingi hafa aðeins kjörnir fulltrúar og sambandsstjórn atkvæðisrétt. Auk þeirra eiga rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- a. Fulltrúar ÍSÍ og UMFÍ
- b. Íþróttafulltrúi ríkisins.
- c. Endurskoðendur.
- d. Meðlimir fastanefnda.
- e. Starfsmenn sambandsins.
- f. Héraðsdómstóll.

Auk þess getur sambandsstjórn boðið öðrum aðilum þingsetu. Aðeins sá sem er í félagi innan sambandsins er kjörgengur fulltrúi þess á héraðsþingi. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf.

8. gr. Dagskrá héraðsþings

Störf héraðsþings, sem er æðsti aðili UMSK, eru þessi:

1. Þingsetning.
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
3. Kosning fyrsta og annars þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Skýrsla stjórnar lögð fram.
6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
7. Ávörp gesta.
8. Álit kjörbréfanefndar.
9. Staðfesting á aðild nýrra félaga.
10. Umræður um skýrslu stjórnar.
11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga
12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu, þar á meðal kjörnefnd.
13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
14. Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.
15. Aðrar tillögur lagðar fram.
16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
17. Afgreiðsla á álitni nefnda.
18. Önnur mál.
19. Kosningar, kjörnefnd skilar álitni.
  - a. Kosning formanns.
  - b. Kosning tveggja stjórnarmanna.
  - c. Kosning þriggja manna í varastjórn.
  - d. Kosning tveggja endurskoðenda og tveggja til vara
  - e. Kosning í héraðsdómstól.
20. Þingslit.

Ef lægsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á tvo eða fleiri, skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabeytingar sé að ræða.

9. gr. Aukaþing

Aukaþing skal halda ef nauðsyn krefur og ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar- og tilkynningafrestur til aukapings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukapingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera laga eða reglugerðarbreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt héraðsþing.

10. gr. Stjórn

Stjórn sambandsins skipa 5 menn. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára, þó þannig að aðeins skal kosið um tvo árlega. Árlega skal kjósa þrjá menn í varastjórn og ennfremur tvo endurskoðendur og tvo til vara. Heimilt er stjórninni að skipa starfsnefndir sér til aðstoðar við sérstök verkefni eða ákveða þætti starfsins, telji hún þess þörf.

Skylt er stjórninni að halda fund með formönnum aðildarfélaganna UMSK í september eða október ár hvert.

11. gr. Hlutverk stjórnar

Stjórnin stýrir málefnum sambandsins milli þinga og fylgist með starfsemi félaganna. Hún varðveitir sjóði sambandsins og aðrar eignir og leggur fram endurskoðaða reikninga á hverju héraðsþingi. Stjórnin skal setja reglur um allar ferðir á vegum sambandsins.

12. gr. Héraðsdómstóll

Innan sambandsins starfar héraðsdómstóll, í honum eru 3 menn og 3 til vara, kosnir til þriggja ára. Árlega gengur einn aðalmaður og einn varamaður úr dómnum og kys ársþingið í þeirra stað. Þess skal jafnan gætt að kjósa í héraðsdómstól þá menn er hafa fjölhæfa þekkingu á íþróttamálum. Héraðsdómendur mega ekki vera yngri en 21 árs. Í dómnum má ekki sitja nema einn maður úr sama félagi, hvorki sem aðal- né varamaður.

13. gr. Lagabreytingar

Tillögur til lagabreytingar skal leggja fram í upphafi þings og sé þeim síðan vísað til laganeftdar sem skal vera ein af fastanefndum þingsins. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist sambandsstjórn 15 dögum fyrir sambandsþing og skulu þær þá sendar sambandsaðilum.

14. gr. Atkvæðamagn við lagabreytingar

Héraðsþing getur breytt lögum þessum með 2/3 greiddra atkvæða á héraðsþingi.

15. gr. Gildistaka

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi eldri lög sambandsins. Lög þessi taka gildi við samþykki þeirra, enda reynist þau vera í samræmi við lög ÍSÍ og UMFÍ.

Dagsetningar:

- a) Samþykkt héraðsþings UMSK: 1991-02-10
- b) Staðfesting framkvæmdastjórnar ÍSÍ: dags.
- c) Staðfesting framkvæmdastjórnar UMFÍ: dags.

## Reglugerð um heiðursviðurkenningar UMSK

### 1. gr. Inngangur

UMSK veitir við sérstök tækifæri einstaklingum eða félögum heiðursviðurkenningar fyrir mikil og góð störf fyrir sambandið. Jafnframt eru árlega veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur í íþróttum.

### 2. gr. Viðurkenningar

1. STARFSMERKI UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa í langan tíma fyrir sambandið eða aðildarfélögin.

2. SILFURMERKI UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa í langan tíma fyrir sambandið eða aðildarfélögin.

3. GULLMERKI UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa innan UMSK í langan tíma og gert stórt átak í félagsstörfum innan UMSK.

4. HEIÐURSVIÐURKENNING UMSK, skjöldur, skal veittur þeim, sem ekki eru félagar í UMSK en styrkt hafa eða aðstoðað UMSK og /eða aðildarfélög verulega.

5. FÉLAGSMÁLASKJÖLDUR UMSK, gefinn af Axeli Jónssyni og konu hans Guðrínu Gísladóttur, skal veittur árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í félagsstörfum á liðnum árum.

6. AFREKSBÍKAR UMSK skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.

7. FRJÁLSÍÞRÓTTABÍKAR UMSK, gefinn af Dóru Gunnarsdóttur, skal veita árlega í ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í frjálsíþróttum á liðnu ári.

## Reglugerð um sérnefndir UMSK

### 1. gr. Aðild

Sérnefnd er samstarfsnefnd þeirra sambandsaðila UMSK sem hafa iðkendur innan ákveðinnar íþróttagreinar.

### 2. gr. Stofnun

Sérnefnd skal því aðeins stofnuð að fleiri en einn sambandsaðili innan UMSK eigi iðkendur innan viðkomandi íþróttagreinar. Stofnun sérnefndar skal staðfest á ársþingi UMSK og skulu þær síðan skráðar í síðustu grein reglugerðarinnar.

### 3. gr. Skipun

Sérnefnd skulu skipa einn frá hverjum sambandsaðila þ.e. formaður félagsdeildar íþróttagreinarinnar þar sem um deildaskiptingu er að ræða en annars fulltrúi skipaður af aðalstjórn sambandsaðilans.

### 4. gr. Verkaskipting

Sérnefndir skulu kjósa sér formann og ritara.

### 5. gr. Verkefni

Sérnefnd fjallar um sérfræðileg málefni sinnar íþróttagreinar. Hún er fulltrúi síns sérsambands innan UMSK og kemur fram á sviði íþróttagreinar sinnar gagnvart aðilum utan héraðs í samráði við stjórn UMSK. Um önnur mál er hún háð UMSK. Meðal verkefna hennar eru ákvarðanir um héraðsmót og skipulagningu þeirra. Sérnefnd skal halda yfirlit um starf sitt og skal auk fundargerðar skila skýrslu til stjórnar UMSK í lok hvers árs.

### 6. gr. Fjármál

Sérnefndum er óheimilt að stofna til fjárskuldbindinga í sínu nafni eða nafni UMSK.

### 7. gr. Yfirlit um sérnefndir

Eftirfarandi sérnefndir hafa verið stofnaðar innan UMSK:

Ákvæði til bráðabirgða:

Stefnt skal að stofnun eftirfarandi sérnefnda á árinu 1991:

- Blaknefnd UMSK
- Fimleikanefnd UMSK
- Frjálsíþróttanefnd UMSK
- Golfnefnd UMSK
- Handknattleiksnefnd UMSK
- Hestaiþróttanefnd UMSK
- Knattspyrnunefnd UMSK
- Siglinganefnd UMSK
- Sundnefnd UMSK

